

HVERFISRÁÐ HÁALEITIS OG BÚSTAÐA

Ár 2015, mánudaginn 26. október kl.15:30, var haldinn 135 fundur hverfisráðs Háaleitis og Bústaða. Fundurinn var haldinn í nýjum húsakynnum þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis við Efstaleiti 1. Viðstödd voru: Hörður J. Oddfríðarson, Kristín Erna Arnarsdóttir, Jóhann Björnsson, Sigurður Eggertsson, Elínóra Inga Sigurðardóttir og Snorri Þorvaldsson áheyrnarfulltrúi. Starfsmenn og aðrir sem sátu fundinn: Bergný Sævarsdóttir, frá íbúasamtökum Bústaða- og Fossvogshverfis, Sigtryggur Jónsson framkvæmdastjóri og Helga Margrét Guðmundsdóttir, verkefnastjóri þekkingarmiðstöðvar í PLH sem ritaði fundargerð.

Gestur fundarins undir 3ja lið er Ævar Harðarson

Þetta gerðist:

1. Framkvæmdir við Grensásveg og umferðarhættur á Bústaðavegi. Framkvæmdastjóri kannaði málið og samkvæmt upplýsingum USK (umhverfis- og skipulagssviðs) fara framkvæmdir eftir fjárhagsáætlun næsta árs.

Eftirfarandi bókun samþykkt:

Hverfisráð Háaleitis og Bústaða leggur mikla áherslu á að umferðaröryggis verði gætt á þessum tveimur götum og að fjármunir verði tryggðir í áætlunum borgarinnar til að svo geti orðið.

Framkvæmdastjóra falið að koma bókuninni á framfæri við USK og óska eftir umferðartalningu á Bústaðarvegi og Sogavegi og upplýsingum um viðhald gatna í hverfinu.

2. Fyrirhuguð bygging Hjallaskóla í Fossvogi. Eftirfylgni með bókun. Framkvæmdastjóri upplýsti að erindi hverfisráðs til USK vegna málsins verður tekið fyrir á fundi hjá USK miðvikudaginn 28. október 2015.
- Kl. 15:53 Ævar Harðarson verkefnistjóri hverfissskipulags frá USK tekur sæti á fundinum.
3. Hverfaskipulag. Ævar Harðarson kynnir verklýsingu að hverfissskipulagi og samráði við íbúa um það. Áætlaðir íbúafundir í byrjun janúar 2016.

Fundi lauk kl. 17:00

Hörður J. Oddfríðarson (Sign)

Kristín Erna Arnardóttir (Sign)
Elínóra Sigurðardóttir (Sign)

Sigurður Eggertsson (Sign)
Jóhann Björnsson (Sign)